



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

35. fundur skólanefndar F.S. var haldinn mánudaginn

26. febrúar 1979 kl. 20.30-.

Fundinn sóttu Gunnar Sveinsson, Jón Hólmgeirsson, Eggert Ólafsson, Ingvar Jóhannsson, Jón Böðvarsson, Hreinn Ásgrímsson, Ingólfur Halldórsson, Bergmann Þorleifsson, Ómar Bjarnþórsson og Einar Þórðarson, fundarritari.

1. Rekstrarmál

Form. skólanefndar gerði grein fyrir rekstrarkostnaði skólans og umræðum sem orðið hafa um þau. Samþykkt var eftirfarandi bókun: Í ljós hefur komið við uppgjör fyrir árið 1977 að fallið hefur niður að færa á rekstarkostnað húsaleigu, ljós og hita við Gagnfræðaskólann í Keflavík. Nemur sú upphæð kr. 5,4 milljónum á árinu 1977. Einnig hefur fallið niður að færa kostnað við ljós og hita 1976 að upphæð kr. 590 þúsund.

Rekstraráætlanir fyrir 1978 og 1979 eru því af þeim ástæðum og fleira of lágar.

Uppgjör fyrir árið 1978 liggur ekki fyrir, en mun verða tilbúið innan hálfes mánaðar.

Skólanefnd samþykkir því að skólameistari, formaður og ritari, ásamt skrifstofustjóra geri nýja fjárhagsáætlun fyrir 1979 og geri einnig grein fyrir þeim annmörkum er kunna að hafa verið á áætlun fyrri ára miðað við raunkostnað.

Skólanefnd samþykkir enn fremur að fara þess á leit við framkvæmdastjóra S.S.S., Harald Gíslason, að hann annist uppgjör og innheimtu á hluta ríkissjóðs í rekstarkostnaði skólans 1976, 1977 og 1978.

2. Umsögn um framhaldsskólafrumvarpið

Skólameistari las upp bréf frá Keflavíkurbæ varðandi breytingar á framhaldsskólafrumvarpinu.

Málið var rætt og voru menn sammála um að mæla með því að skipting rekstrarkostnaðar milli sveitarfélaga og ríkis verði eins og upphaflega var ráðgert í frumvarpinu. Var skólameistara falið að semja álit í samræmi við niðurstöður umræðnanna.

3. Námsflokkar Keflavíkur

Borist hefur bréf frá bæjarstjóra Keflavíkur varðandi Námsflokka Keflavíkur.

Skólanefndin telur sig ekki geta tekið að sér rekstur Námsflokka Keflavíkur en bendir á að sama námsefni sé kennt í öldungadeild í nokkrum greinum og megi taka fleiri námsgreinar til kennslu þar.

4. Bréf frá Brunavörnum Suðurnesja.

Lesið var bréf frá Brunavörnum Suðurnesja þar sem farið er fram á ýmsar lagfæringar í húsakynnum skólans. Samþykkt var að framkvæma þær umbætur hið fyrsta.

5. Lesstofa í skólahúsinu

Skólameistari skýrði frá bréfi menntamálaráðuneytis um heimild til ráðningar Viktoríu Kristjánsdóttur bókavardar til loka skólaársins.

Hann skýrði frá því að kennarar hafi enga greiðslu fengið fyrir yfirsetu á lesstofu og samningur við Þórunni Magnúsdóttur hafi ekki verið gerður.

Skólanefndin samþykkir að ítreka þar óskir sem fram koma í bréfi Gunnars Sveinssonar og Jóns Böðvarssonar til Birgis Thorlaciusar, dagsettu 30. janúar s.l. varðandi lesstofumálið.

6. Tilkynningar

Lesið var bréf formanns skólanefndar til ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytis um laun vegna Námsvísis skv. síðustu fundargerðar.

Borist hafa tillögur framhaldsskólanefndar Akureyrar um námsleiðir á framhaldsskólastigi þar - ásamt greinargerð.

Þar er m.a. lagt til að taka upp áfangakerfi á framhaldsskólastiginu á Akureyri.

Heimsóknir

Föstudaginn 9. febrúar s.l. fór 150 manna hópur nemenda í heimsókn til Akraness í boði fjölbrautaskólanema þar. Tókst heimsóknin í alla staði vel.

Sama dag komu á fund skólameistara flestir skólastjórar grunnskóla á Suðurnesjum. Aðalumræðuefni var kynning Námsvísis fjölbrautaskóla. Varð að ráði að kennarar og nemendur 9. bekkjar í Grindavík, Keflavík og Njarðvík fengju hann afhentan í skólum sínum en skólameistari eða fulltrúi hans ætti síðan fund með kennurum og/eða nemendum og svaraði fyrirspurnum.

13. febrúar heimsótti Vilhjálmur Einarsson skólann og sat fund með skólameistara þar sem fjallað var um framkvæmd áfangakerfis. Áformað er að hafa á Egisstöðum sömu námsskipan og hér er.

Fyrirhuguð er ferð skólameistara á Ísafjörð í marsmánuði til þess að ræða framkvæmd áfangakerfis.

9. mars verður námskynning á vegum Háskóla Íslands hér í F.S. Verða þar kynntar allar námsgreinar við H.Í., Tækniskólann og fleiri skóla.

Farið hefur verið þess á leit að námskeið í hjálp í viðlögum verði haldið á vegum F.S. í Grindavík. Var skólanefnd því samþykkt.

Einnig hefur borist beiðni frá Grindavík um leiklistar-námskeið sem F.S. fjármagni.

Skólanefnd samþykkti það að því tilskildu að ríkið greiði launakostnað og var skólameistara falið að kanna málið.

7. Önnur mál

Rætt var um skólaakstur til Grindavíkur. Í ljós hefur komið óánægja meðal nemenda með aksturinn.

Samþykkt var að bæta við einni heimferð til Grindavíkur dag hvern nema þriðjudaga.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Einar Þórðarson, fundarritari